

## REGLUGERÐ um friðunarsvæði á Strandagrunni.

### 1. gr.

Frá og með 15. júlí 1974 eru veiðar með öllum veiðarfærum bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi innan svæðis á Strandagrunni, sem markast af eftirgreindum staðsetningum: 66°47'N—22°24'V, 67°00'N—22°24'V, 67°00'N—20°49'V og 66°34'N—21°26'V.

### 2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins ásamt síðari breytingum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, svo og samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins ásamt breytingum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júlí 1974.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*